

Auglýsing

um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingskóla.

1. Kenslan verður að fara fram í sæmilega góðum húsakynnum, svo að heilsu unglingsanna sé eigi misboðið af skorti á ljósi, lofti né hita.
2. Við kensluna verður að hafa nauðsynleg kensluáhöld, að minsta kosti þau, er fyrirskipuð eru við heimangöngu barnaskóla.
3. Kendlunni sé hagað eftir reglugjörð, sem stjórnarráðið hefir samþykkt.
4. Skólinn standi að minsta kosti 3 mánuði ársins samfleytt, og njóti kenslu að minsta kosti 12 unglings allan kenslutímamann í öllum þeim námsgreinum, sem kendar eru. En þessar greinar skulu vera skyldunámsgreinar: 1) móðurmál, 2) náttúrufræði, 3) landafræði, 4) saga, 5) stærðfræði (þar á meðal reikningsfærsla, rentureikningur og félagsreikningur). Svo skal og kenna söng, leikfimi og teiknun, þar sem nokkur tæk eru til þess.
5. Í lok skólaársins sé haldið próf að viðstöddum 2 prófdómendum, er sýslunefnd kys.
6. Umsóknarbréfum til stjórnarráðsins um styrk úr landssjóði til unglingskóla skal fylgja skýrsla um kensluna og prófið, svo og um skólahúsið og kensluáhöld, og eiga prófdómendur að rita nöfn sín á hana til staðfestingar ásamt kennurunum. Svo ber og að senda nákvæman reikning yfir reksturskostnað skólans.

Nú fullnægir skólinn þessum ákvæðum, og fær hann þá styrk úr landssjóði, er einkum miðast við lengd kenslutímans og nemendafjölda.

Auglýsing um skilyrði til bráðabirgða fyrir styrkveitingu úr landssjóði til unglingskóla frá 18. septbr. 1906 er úr gildi feld.

Í stjórnarráði Íslands, 6. septbr. 1910.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.